Ríkisútvarpið

Ársreikningur 2004

Ríkisútvarpið
Efstaleiti 1
150 Reykjavík

kt. 540269 - 5729

Ríkisútvarpið

Ársreikningur 2004

Efnisyfirlit.

Áritun endurskoðenda.	2
Skýrsla stjórnenda	3
Rekstrarreikningur.....	4
Efnahagsreikningur	5-6
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Skýringar	8-12

Áritun endurskoðenda

Við höfum endurskoðað ársreikning Ríkisútvarpsins fyrir árið 2004 í umboði Ríkisendurskoðunar. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar. Ársreikningurinn er á ábyrgð stjórnenda stofnunarinnar og lagður fram í samræmi við starfsskyldur þeirra. Okkur ber að láta í ljós álit á ársreikningnum og byggja það á endurskoðun okkar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægileg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án annmarka sem máli skipta. Endurskoðunin fólst meðal annars í úrtakskönnunum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar í ársreikningnum og einnig athugun á þeim reikningsskila- og matsreglum, sem beitt er við gerð hans og framsetningu í heild. Við teljum að við endurskoðunina hafi fengist nægilega traustar upplýsingar til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Ríkisútvarpsins á árinu 2004, efnahag þess 31. desember 2004 og breytingum á handbæru fé á árinu 2004, í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju á Íslandi.

Reykjavík, 31. mars 2005

Deloitte hf.

Birkir Leósson
endurskoðandi

Ívar Guðmundsson
endurskoðandi

Ársskýrsla

Verulegur bati varð á rekstri Ríkisútvarpsins á árinu 2004. Hagnaður af rekstri fyrir afskriftir (EBITDA) varð 391,0 m.kr. árið 2004 samanborið við 132,6 m.kr. hagnað árið áður. Hagnaður fyrir fjármagnsliði varð 126,3 m.kr. árið 2004 en árið áður var 107,3 m.kr. halli. Batann má rekja til markvissra aðhaldsaðgerða sem leiddu til þess að rekstrargjöld hækkuðu innan við eitt prósent frá árinu á undan. Tekjur af auglýsingum og kostun jukust á árinu sem er góður árangur þegar horft er til stöðugt harðnandi samkeppni. Afnotagjöld hækkuðu um 7% hinn 1. maí.

Á undanförnum árum hefur Ríkisútvarpið tekist á við stöðugan rekstrarvanda sem má rekja til minnkandi rauntekna og aukinna skuldbindinga vegna greiðslna af lífeyrisláni og framlags til Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Til þess að bregðast við þessum vanda hefur ítrekað verið farið ofan í rekstur stofnunarinnar til aðhalds og hagræðingar. Alþingi hefur í reynd viðurkennt þessa erfiðu stöðu með því að heimila Ríkisútvarpinu hallarekstur í fjárlögum.

Rekstur Ríkisútvarpsins á síðasta ári var í góðu samræmi við fjárlög sem gerðu ráð fyrir 45,0 m.kr. rekstrarhalla. Rekstrartap ársins 2004 varð 49,7 m.kr. samanborið við 313,7 m.kr. tap árið áður. Árið 2004 var sölutap af fasteign á Akureyri 35,9 m.kr. Þetta þýðir að eiginlegur rekstur stofnunarinnar var nánast hallalaus á árinu 2004 sem er mikill viðsnúningur frá fyrri árum.

Í lok ársins var Ríkisútvarpinu gert að taka á sig 22,0 m.kr. vegna uppgjörs uppsafnaðra lífeyrisskuldbindinga Sinfóníuhljómsveitar Íslands og er sú upphæð færð yfir eigið fé í efnahagsreikningi. Eigið fé lækkaði af framangreindum ástæðum úr 82,0 m.kr. í upphafi ársins í 10,2 m.kr. í lok ársins.

Ljóst er að umtalsverður árangur hefur orðið af aðhaldsaðgerðum síðustu ára. Engu að síður er fjárhagsstaða Ríkisútvarpsins slæm. Bókfært eigið fé er nær horfið og rými til fjárfestinga til endurnýjunar í tækjabúnaði og í dreifikerfi afar lítið. Búast má við að launa- og verðlagshækkanir verði miklar á yfirstandandi ári. Við því verður vart brugðist nema með tekjuaukningu eða afnámi greiðslna til Sinfóníuhljómsveitar Íslands og af lífeyrisskuldbindingum. Ríkisútvarpið stendur á tímamótum og það er fyrst og fremst í höndum löggjafans að ákveða hvernig á þeim málum verður tekið.

Stjórnendur Ríkisútvarpsins staðfesta hér með ársreikning stofnunarinnar fyrir árið 2004 með áritun sinni.

Reykjavík, 31. mars 2005

Útvarpsstjóri	Framkvæmdastjóri fjármáladeildar
Markús Örn Antonsson	Guðmundur Gylfi Guðmundsson

Rekstrarreikningur ársins 2004

	Skýr.	2004	2003
Rekstrartekjur			
Afnotagjöld		2.382.101.448	2.123.293.616
Auglýsingar og kostun		911.927.697	851.527.257
Aðrar tekjur		76.505.618	111.679.171
Rekstrartekjur		3.370.534.763	3.086.500.044
Rekstrargjöld			
Dagskrárkostnaður		2.191.993.949	2.185.347.977
Sölukostnaður		179.028.678	168.934.381
Dreifikerfi		174.231.789	157.236.567
Sameiginlegur rekstur og stjórnun		319.436.065	326.097.331
Framlag til Sinfóníuhljómsveitar Íslands		114.821.429	116.293.113
Rekstrargjöld		2.979.511.910	2.953.909.369
Hagnaður af rekstri fyrir afskriftir		391.022.853	132.590.675
Afskriftir fastafjármuna	2	(228.819.323)	(239.844.945)
Tap af sölu fasteignar	2	(35.863.050)	0
		(264.682.373)	(239.844.945)
Rekstrarhagnaður (-tap)		126.340.480	(107.254.270)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Fjármunatekjur		51.832.667	55.629.945
Fjármagnsgjöld		(227.891.795)	(262.067.874)
Fjármunatekjur - (fjármagnsgjöld)		(176.059.128)	(206.437.929)
Tap		(49.718.648)	(313.692.199)

Efnahagsreikningur

Eignir

	Skýr.	31.12.2004	31.12.2003
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	2,3		
Fasteignir, lóðir og fasteignaréttindi		2.697.435.986	2.827.618.476
Dreifikerfi		325.910.614	365.007.638
Áhöld, tæki og innréttingar		642.492.537	626.140.919
Aðrar eignir		16.125.571	16.125.571
		3.681.964.708	3.834.892.604
Fastafjármunir		3.681.964.708	3.834.892.604
Veltufjármunir			
Vörubirgðir	4		
Keypt réttindi og eigin framleiðsla		374.540.759	395.123.582
		374.540.759	395.123.582
Skammtímakröfur	5		
Útistandandi afnotagjöld		148.427.176	135.100.937
Útistandandi auglýsingar		201.808.065	189.782.455
Aðrar skammtímakröfur		51.597.658	15.912.018
		401.832.899	340.795.410
Handbært fé			
Bankainnstæður		259.831.622	71.485.719
Sjóður		401.291	1.227.528
		260.232.913	72.713.247
Veltufjármunir		1.036.606.571	808.632.239
Eignir		4.718.571.279	4.643.524.843

31. desember 2004

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	31.12.2004	31.12.2003
Eigið fé	6		
Afmælissjóður Ríkisútvarpsins		1.561.709	1.621.108
Óráðstafað eigið fé		8.638.996	80.392.644
Eigið fé		10.200.705	82.013.752
Skuldir			
Langtímaskuldir	11		
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins		2.624.875.961	2.604.272.384
Norræni fjárfestingabankinn		403.876.072	269.760.242
Skuldir við lánastofnanir		370.112.628	391.792.746
Fjármögnunarleigusamningar	13	55.158.907	56.573.611
		3.454.023.568	3.322.398.983
Næsta árs afborganir langtímaskulda	12	(188.096.039)	(163.948.057)
		3.265.927.529	3.158.450.926
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		134.980.065	110.807.241
Ógreiddur virðisaukaskattur		36.302.449	35.321.946
Ógreidd laun og launatengd gjöld	7	389.365.197	445.169.820
Næsta árs afborganir langtímaskulda		188.096.039	163.948.057
Aðrar skammtímaskuldir		693.699.295	647.813.101
		1.442.443.045	1.403.060.165
Skuldir		4.708.370.574	4.561.511.091
Eigið fé og skuldir		4.718.571.279	4.643.524.843

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2004

	Skýr.	2004	2003
Rekstrarhreyfingar			
Tap ársins		(49.718.648)	(313.692.199)
Rekstrarliðir sem ekki hreyfa handbært fé			
Afskriftir og sölutap (-hagnaður) fastafjármuna	2	264.682.373	216.094.225
Verðbætur og gengismunur langtímalána		69.609.546	98.741.574
Hreint veltufé frá rekstri		284.573.271	1.143.600
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum			
Viðskiptakröfur, (hækkun) lækkun		(25.351.849)	31.777.124
Aðrar skammtímakröfur, (hækkun) lækkun		(35.685.640)	(875.939)
Birgðir , (hækkun) lækkun		20.582.823	(193.019.615)
Skammtímaskuldir vegna rekstrar, hækkun (lækkun)		(6.800.102)	421.827.836
Handbært fé (til) frá rekstri		237.318.503	260.853.006
Fjárfestingarhreyfingar			
Keyptar fasteignir		(5.963.205)	(20.467.043)
Seldar fasteignir		28.000.000	0
Keypt áhöld, tæki og innréttingar		(121.597.678)	(105.603.512)
Keypt dreifikerfi		(12.193.594)	0
Selt dreifikerfi		0	24.289.675
Fjárfestingarhreyfingar		(111.754.477)	(101.780.880)
Fjármögnunarhreyfingar			
Nýjar langtímaskuldir		231.370.832	51.232.508
Afborganir langtímaskulda		(169.355.793)	(158.946.361)
Breyting á afmælissjóði		(59.399)	6.380
Fjármögnunarhreyfingar		61.955.640	(107.707.473)
Hækkun (lækkun) handbærs fjár		187.519.666	51.364.653
Handbært fé í upphafi árs		72.713.247	21.348.594
Handbært fé í lok árs		260.232.913	72.713.247

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Ársreikningurinn er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju á Íslandi. Við gerð ársreikningsins er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð.

   Eignir og skuldir sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar upp miðað við verðlag eða gengi í árslok.

   Aðrar reikningsskilaaðferðir sem snerta einstök efnisatriði ársreikningsins eru tilgreindar í skýringum hér á eftir.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

2. Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir	Dreifikerfi	Áhöld, tæki og innréttingar	Aðrar eignir	Samtals
Stofnverð í ársbyrjun.....	3.724.264.495	2.096.605.602	5.967.724.029	30.960.352	11.819.554.478
Afskrifað áður	(896.646.019)	(1.731.597.964)	(5.341.583.110)	(14.834.781)	(7.984.661.874)
Bókfært verð í ársbyrjun.....	2.827.618.476	365.007.638	626.140.919	16.125.571	3.834.892.604
Viðbót á árinu.....	5.963.205	12.193.594	121.597.678		139.754.477
Selt á árinu	(63.863.050)				(63.863.050)
Afskrifað á árinu	(72.282.645)	(51.290.618)	(105.246.060)		(228.819.323)
Bókfært verð í árslok.....	2.697.435.986	325.910.614	642.492.537	16.125.571	3.681.964.708
Afskriftarhlutföll	2%	2-12%	7-20%	0%	

   Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu.

3. Fasteignamat og vátryggingamat eigna félagsins í árslok greinist þannig:

	Fasteignamat	Vátrygginga-mat	Bókfært verð
Efstaleiti 1.....	2.309.080.000	1.996.435.000	2.659.865.019
Aðrar fasteignir.....	13.288.000	36.618.000	37.570.967
Dreifikerfi.....	157.401.000	183.534.000	325.910.614
Aðrar eignir.....	0	0	658.618.108
	2.479.769.000	2.216.587.000	3.681.964.708

   Fasteignir og bifreiðar eru skyldutryggðar. Guarnerius del Gesu fiðla frá árinu 1728 í eigu Ríkisútvarpsins er tryggð fyrir $2.850.000, aðrar eignir eru ótryggðar.

Skýringar

Birgðir

4. Vörubirgðir eru metnar við kostnaðarverði að teknu tilliti til úreltra og gallaðra vara og greinast þannig:

Innkaupadeild	191.498.945
Innlend dagskrárdeild	132.095.658
Rás 1	3.966.002
Safnadeild	32.293.404
Birgðir íþróttadeildar	14.686.750
	374.540.759

Birgðir vegna sýningarréttar og eigin framleiðslu eru metnar við kostnaðarverði að teknu tilliti til úreltra og gallaðra vara.

Skammtímakröfur

5. Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði en óbein afskrift að fjárhæð 271 m.kr. er færð til að mæta kröfum sem kunna að tapast. Hér er ekki um endanlega afskrift einstakra krafna að ræða, heldur almenna varúðarafskrift sem grundvallast á mati á tapsáhættu einstakra krafna í árslok 2004. Hreyfingar á afskriftareikningi krafna voru eftirfarandi vegna ársins 2004:

Staða afskriftareiknings 1/1 2004	298.000.000
Endanleg afskrift ársins	(98.168.856)
Breyting afskriftareiknings á árinu	71.168.856
Staða afskriftareiknings 31/12 2004	271.000.000

Eigið fé

6. Yfirlit yfir eiginfjárreikninga:

	Afmælissjóður Ríkisútvarpsins	Óráðstafað eigið fé
Yfirfært frá fyrra ári	1.621.108	80.392.644
Breyting á Afmælissjóði Ríkisútvarpsins	(59.399)	
Yfirtekin lífeyrisskuldbinding Sinfóníuhljómsveitar Íslands		(22.035.000)
Tap ársins		(49.718.648)
	1.561.709	8.638.996

Ríkisútvarpið tók yfir skuldbindingar Sinfóníuhljómsveitar Íslands gagnvart Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins (LSR). Hlutdeild Ríkisútvarpsins nær til uppgjörs á áföllnum lífeyrisskuldbindingum starfsmanna Sinfóníuhljómsveitar Íslands við B-deild LSR þann 31.12.2002.

Skýringar

Skuldbindingar

7. Áfallin viðbótarlífeyrisskuldbinding Ríkisútvarpsins frá ársbyrjun til ársloka 2004 nam 54,8 m.kr. samkvæmt áætlun LSR. Þessi lífeyrisskuldbinding er færð í bækur stofnunarinnar en hún hefur verið greidd að mestu leyti með viðbótarlífeyrisiðgjöldum. Breytingar á árinu greinast þannig:

Áfallin skuldbinding á árinu	54.822.549
Greitt á árinu	(39.752.226)
Ógreitt 31.12.2004	15.070.323

8. Íþróttadeild Ríkisútvarpsins hefur gert samninga við aðila um kaup á efni sem ekki hefur verið eignfært sem birgðir og ekki skuldfært í efnahagsreikningi stofnunarinnar. Skuldbindingar þessar nema 165,1 m.kr. í árslok 2004.

9. Ríkisútvarpið hefur gert samninga vegna norræns samstarfs sem hafa ekki verið eignfærðir sem birgðir né skuldfærðir í efnahagsreikningi stofnunarinnar. Skuldbindingar þessar nema 9,5 m.kr. í árslok 2004.

10. Ríkisútvarpinu hefur verið stefnt vegna 3 m.kr. bótakröfu vegna sýningar á sjónvarpsþætti. Jafnframt hefur verið gerð krafa á hendur stofnuninni um greiðslu 39 m.kr. fyrir sýningarrétt á þáttaröð. Ríkisútvarpið telur sig ekki eiga að greiða framangreindar kröfur og hefur því ekki verið tekið tillit til þeirra í rekstrar- og efnahagsreikningi.

Langtímaskuldir

11. Yfirlit um langtímaskuldir:

	Eftirstöðvar
Skuldir í erlendum gjaldmiðlum:	
Skuldir í EUR	252.433.942
Skuldir í USD	138.153.153
Skuldir í DKK	23.190.212
Skuldir í CHF	37.569.252
	451.346.559
Skuldir í íslenskum krónum	3.002.677.009
	3.454.023.568
Næsta árs afborganir langtímaskulda	(188.096.039)
Langtímaskuldir í árslok	3.265.927.529

12. Afborganir af langtímaskuldum félagsins í lok ársins greinast þannig á næstu ár:

Næsta árs afborganir	188.096.039
Afborganir 2006	184.341.411
Afborganir 2007	180.371.741
Afborganir 2008	180.452.613
Afborganir 2009	181.473.242
Afborganir síðar	2.539.288.522
	3.454.023.568

Skýringar

Önnur mál

13. Gerðir hafa verið nokkrir fjármögnunarleigusamningar vegna kaupa á tölvum og tækjabúnaði. Þrátt fyrir eignarréttarfyrirvara leigusala eru þessir leigufjármunir færðir til eignar í ársreikningnum meðal varanlegra rekstrarfjármuna og afskrifaðir á sama hátt. Bókfært verð þessara fjármuna nemur um 68 m.kr. í árslok. Jafnframt þessu er færð samsvarandi skuld við leigusala meðal langtímaskulda og eru eftirstöðvar um 55 m.kr. í árslok 2004.

14. Laun og tengd gjöld greinast þannig í þúsundum króna:

	2004	2003
Laun	1.118.257	1.076.673
Launatengd gjöld	263.977	207.626
	1.382.234	1.284.299
Meðalfjöldi fastráðinna starfsmanna	321	318

Heildarlaun og þóknanir til stjórnenda félagsins á árinu 2004 námu 25,4 milljónum króna.

Sjóðstreymi

15. Fimm ára yfirlit um sjóðstreymi á verðlagi hvers tímabils.

	2004	2003	2002	2001	2000
Hagnaður (tap) ársins	(49.718.648)	(313.692.199)	(188.157.520)	(336.926.195)	(283.534.654)
Afskriftir	264.682.373	216.094.225	236.502.813	252.521.172	282.039.208
Reiknaðir fjármagnsliðir	69.609.546	98.741.574	40.815.942	300.625.401	146.123.060
Reikn. tekjur v. verðl.br.				(255.262.832)	(93.722.564)
Aðrar breytingar					50.000.000
Hreint veltufé frá rekstri	284.573.271	1.143.600	89.161.235	(39.042.454)	100.905.050
Breyting á:					
Rekstrartengdum eignum	(40.454.666)	(162.118.430)	(19.481.834)	(65.178.210)	(37.181.229)
Rekstrartengdum skuldum	(6.800.102)	421.827.836	157.190.570	304.954.862	(45.142.539)
Handbært fé frá rekstri	237.318.503	260.853.006	226.869.971	200.734.198	18.581.282

Kennitölur

16. Úr rekstrarreikningi

	2004	2003	2002
Hagnaður fyrir afskriftir / rekstrartekjur	11,6%	4,3%	6,7%
Rekstrarhagnaður / rekstrartekjum	3,7%	-3,5%	-1,3%
Hagnaður ársins / rekstrartekjur	-1,5%	-10,2%	-6,3%
Hagnaður fyrir afskriftir, vexti og skatta (EBITDA)	391.022.853	132.590.675	198.152.102

Skýringar

17. Úr efnahagsreikningi	31.12.2004	31.12.2003	31.12.2002
Veltufjárhlutfall - veltufjármunir/skammtímaskuldir	0,72	0,58	0,61
Eiginfjárhlutfall - eigið fé/heildarfjármagn.....	0,2%	1,8%	8,7%